



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 18. desember 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 17.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir og Magnús B. Jónsson.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Álagningastuðlar útsvars og fasteignagjalda 2019

Fyrir fundinum lá tillaga að álagningastuðlum útsvars og fasteignagjalda sem sveitarstjórn ræddi. Eftirfarandi álagningarreglur voru samþykktar.

Útsvar

Álagning útsvars í sveitarfélaginu verði 14,52% á tekjuárinu 2019.

Fasteignagjöld

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,48%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningarstofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði (C-flokkur) verði **1,65%** af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati á íbúðarhúsnæði að lágmarki 7.260 kr. og að hámarki 36.300 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,24%** af fasteignamati lóða og mannvirkja.

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **44.151** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu.

Sorpeyðingargjald verði **13.913** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **4.937** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **7.260** kr./ha.



Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisbega:

Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisbega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.

Fasteignagjöld lækki um allt að kr. **40.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 3.587.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 5.862.000 kr/ári

Fasteignagjöld lækki um allt að kr. **20.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 4.483.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 7.327.000 kr/ári

2. Fjárhagsáætlun 2019-2022 (seinni umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2019-2022 til seinni umræðu. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir helstu breytingum frá fyrri umræðu. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginþætti hennar. Fjárhagsáætlun fyrir 2019-2022 var samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Í rekstraryfirliti áætlunar 2019 kemur fram að heildartekjur samstæðu eru áætlaðar 637.532 þús., þar af eru skatttekjur 489.582 þús. og rekstrartekjur 147.950 þús. Rekstrargjöld eru áætluð 633.328 þús. þar af kostnaður vegna launa áætlaður 292.838 þús. Fjármagnsliðir eru áætlaðir jákvæðir um 5.368 þús. og rekstrarniðurstaða samstæðu er áætluð jákvæð um 9.572 þús. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu verði jákvætt um 54.397 þús. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 83 milljónir. Stærstu fjárfestingaþættirnir í áætlun eru 26 milljónir vegna fasteigna og gatna og 21 milljón vegna hafnarframkvæmda. Að teknu tilliti til fjárfestinga og fjármögnunarhreyfinga er áætlað að handbært fé lækki um 38.603 þús. og handbært fé verði í árslok 414.616 þús. Í áætlun árána 2019-2022 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.

Oddviti þakkaði bæði meirhluta og minnihluta gott samstarf við gerð fjárhagsáætlunarinnar.

3. Félags- og skólaþjónusta A-Hún

- a) Fundargerð stjórnar, 10. desember 2018.

Fundargerðin var til kynningar.

- b) Fjárhagsáætlun 2019

Í fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu sem stjórn hafði samþykkt á fundi 10.12.2018 kemur m.a. fram að heildartekjur samstæðu eru áætlaðar 215,1 milljón og heildargjöld 226,2 milljónir. Í áætlun kemur fram að framlög sveitarfélaganna nemi samtals 98.615 þús. Skipting framlaga milli málaflokka og verkefna er að vegna almennrar félagsþjónustu verði samtals 73.004 þús. til skólaþjónustu 19.151 þús. til dreifnáms 4.959 þús. og til öldrunarmála 1.500 þús. Hluttur Skagastrandar í framlögum er 25.097 þús. eða 25,4%.

Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við áætlunina.



4. Kjarasamningsumboð

Fyrir fundinum lágu drög að samningi þar sem Sambandi íslenskra sveitarfélaga óskar eftir fullnaðarumboði til kjarasamningsgerðar fyrir hönd sveitarfélagsins Skagastrandar við eftirtalin stéttarfélög:

Félag grunnskólakennara	Sjúkraliðafélag Íslands
Félag leikskólakennara	Stéttarfélagið Samstaða
Félag stjórnenda leikskóla	Félagsráðgjafafélag Íslands
Skólastjórafélag Íslands	Iðjuþjálfafélag Íslands
Kjölur stéttarfélag í almannajónustu	Stéttarf. bókasafns- og upplýsingafræðinga
Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	Þroskaþjálfafélag Íslands
SFR stéttarfélag í almannajónustu	Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Sveitarstjórn samþykkti að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð og fól sveitarstjóra að staðfesta umboðsveitinguna.

5. Bréf

- a. Sambands Austur Húnavetskra kvenna, 16. nóvember 2018

Fyrir fundinum lá erindi Sambands Austur Húnavetskra kvenna sem óskar eftir styrk vegna söfnunar fyrir baðlyftu fyrir HSN á Blönduósi.

Samþykkt samhljóða að styrkja verkefnið með 120 þús. kr. framlagi.

- b. Stofnunar Árna Magnússonar, dags. 27. nóvember 2018

Fyrir fundinum lá bréf frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar. Með bréfinu er óskað eftir upplýsingum um nöfn á nýjum lögbýlum, breytingar á nöfnum býla í sveitarfélaginu, ásamt frekari upplýsingum um nafngiftir og val á þeim. Bréfið var til kynningar og sveitarstjóra falið að veita upplýsingar.

6. Fundargerðir

- c. Stjórnar SSNV, 4.12.2018

Fundargerð var til kynningar.

- d. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 30.11.2018

Fundargerð var til kynningar.

7. Sveitarstjóraskipti

Í lok fundar tók Alexandra Jóhannesdóttir við starfi sveitarstjóra af Magnúsi B. Jónssyni sem hefur starfað óslitið sem sveitarstjóri frá því í júní 1990.



Oddviti las upp svohljóðandi bókun sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar þakkar fráfarandi sveitarstjóra, Magnúsi B. Jónssyni, fyrir samstarfið og vel unnin störf í þágu samfélagsins á Skagaströnd. Magnús er að enda 28 ára feril sem sveitarstjóri og hafði þar á undan setið í átta ár í sveitarstjórn sveitarfélagsins. Hann hefur því helgað stórum hluta starfsæfi sinna samfélags- og sveitarstjórnarmálum á Skagaströnd og í A-Hún og ávallt verið ákaflega farsæll í starfi.

Sveitarstjórn óskar Magnúsi velfarnaðar í störfum hans um ókomna tíð og vonast til að samfélagið á Skagaströnd fái áfram að njóta krafta hans í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur.

Sveitarstjórn vill jafnframt bjóða Alxöndru Jóhannesdóttur velkomna til starfa.

Magnús þakkaði sveitarstjórn fyrir ánægjulegt samstarf og fyrir falleg orð og góðar óskir.

8. Önnur mál

Til umræðu var tekin ferð sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra til Borgundarhólms sem farin verður á vegum SSNV í mars 2019. Þeir fulltrúar sem hyggjast taka þátt í ferðinni munu láta vita af því fyrir nk. föstudag.

Oddviti lagði til að sveitarfélagið styrki Hólaneskirkju og Rauðakrossdeildina um 150.000 kr. sem verði nýttar til stuðnings heimilum sem þurfa á fjárhagsstuðningi að halda í tengslum við jólahald. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn þakkar starfsfólki sveitarfélagsins vel unnin störf á árinu sem er að líða og óskar þeim gleðilegra jóla.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 18:35

Halldór G. Ólafsson

Péturína L. Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Guðmundur E. Erlendsson

Kristín B. Leifsdóttir

Magnús B. Jónsson

Alexandra Jóhannesdóttir